



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

Eftirlitsnefnd með
fjármálum sveitarfélaga

stjornarradid.is

Akraneskaupstaður b.t. bæjarstjórnar
Stillholti 16-18
300 Akranesi

Reykjavík 29. mars 2023

Tilv.: IRN23010113/4.11.1

Efni: Fjárhagsáætlun 2023

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) sendi bréf til Akraneskaupstaðar þann 28. febrúar sl. varðandi fjárhagsáætlun 2023. Fram kom í bréfinu að samkvæmt fjárhagsáætlun 2023 uppfyllti sveitarfélagið ekki öll lágmarksviðmið eftirlitsnefndar fyrir A-hluta.

Eftir athugasemd frá Akraneskaupstaði kom í ljós að gögnin fyrir sveitarfélagið sem bárust EFS frá Hagstofunni voru ekki rétt. Tölur um fasteignaskattstekjur skilaðu sér ekki í gögn Hagstofunnar. Þar sem heildartekjur voru ekki réttar þá leiddi það til þess að framlegð frá rekstri, veltufé frá rekstri og rekstrarniðurstaða voru ekki réttar. Bréfið sem var sent þann 28. febrúar var því ekki með réttar tölur hvað þetta varðar og er það hér með leiðrétt.

Búið er að uppfæra gögnin með réttum tölum og taflan fyrir neðan sýnir uppfærðar tölur fyrir Akraneskaupstað ásamt lágmarksviðmiðum EFS. Samkvæmt fjárhagsáætlun 2023 þá er eitt lágmarksviðmið sem er ekki uppfyllt en það er framlegð frá rekstri.

A-hluti	Nettó skuldir sem hlutfalli af tekjum	Rekstrar-niðurstaða	Framlegð		Veltufé frá rekstri	
Sveitarfélag	Samkvæmt fjárhags-áætlun 2023	Samkvæmt fjárhags-áætlun 2023	Lágmarks-viðmið	Samkvæmt fjárhags-áætlun 2023	Lágmarks-viðmið	Samkvæmt fjárhags-áætlun 2023
Akraneskaupstaður	70,4%	2,7%	7,0%	2,4%	3,5%	10,6%

Fyrir hönd Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

Þórir Ólafsson
formaður

Gústav Aron Gústavsson